

Ákvörðun um skólahald og skólaakstur við óvissar veðuraðstæður er alltaf í höndum skólastjóra. Skólastjóri getur aflýst skólahaldi og lokað skólanum, seinkað skólabyrjun eða flýtt heimferð eftir því sem þörf krefur. Skólastjóri hefur til hliðsjónar viðvaranir Veðurstofu Íslands og tilmæli almannavarna.

## Röskun á skólaakstri á einstökum leiðum:

- Ef skólabílstjóri metur aðstæður svo að fella verði niður skólaakstur á hans akstursleið, hefur hann samband við skólastjóra eins fljótt og auðið er.
- SMS skilaboð send til forráðamanna og frekari upplýsingar um hvaða leiðir falla niður eru settar inn á heimasíðu skólans.
- Foreldrum ber að láta skólabílstjóra vita ef heimreið er ófær og ekki hefur borist tilkynning um röskun á skólaakstri
- Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að komast á skólabíl heim að einstökum bæjum hefur bílstjóri samband við viðkomandi forráðamenn.

## Heimferð flýtt/seinkað:

- Ákveði skólastjóri að breyta heimferðartíma fá foreldrar SMS skilaboð með tímasetningu heimferðar. Einnig er sett tilkynning á heimasíðu skólans.
- Skólastjóri sér til þess að haft verði samband við foreldra nemenda, a.m.k. í 1. -4. bekk, til að ganga úr skugga um að einhver taki á móti þeim, áður en skólabílar leggja af stað frá skóla.

## Ábyrgð foreldra og forráðamanna:

- Mikilvægt er að fylgjast með veðurspá og tilkynningum frá skóla. Hafa verður í huga að veður getur þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mismunandi í sveitarfélaginu.
- Alltaf skal setja öryggi barna í fyrsta sæti. Foreldrar senda ekki börn sín í skólann ef þeir telja aðstæður hugsanlega ógna öryggi barnanna. Foreldrar tilkynna þá fjarveru til skólans í síma eða á netfang skólans.

## Rauð viðvörðun

Skólar og leikskólar Þingeyjarsveitar eru lokaðir, enda tilmæli almannavarna að fólk sé ekki á ferli.

## Appelsínugul viðvörðun

Auknar líkur á röskun skólastarfs og einstaka leiðir í skólaakstri geta fallið niður. Ef skólaakstri er aflýst verður ekki um hefðbundið skólastarf að ræða þann dag. Reynt er eftir föngum að hafa leik- og grunnskóla opna og þeir starfsmenn sem komast sinna þeim börnum sem koma. Foreldrar sem senda börn sín í skóla þó skólaakstri sé aflýst þurfa að fylgja börnum sínum í skólann.

## Gul viðvörðun

Hafa ber í huga að staðbundnar veðurfarsaðstæður geta verið mjög slæmar í gulri veðurviðvörðun. Skólaakstri gæti þurft að aflýsa á einstökum leiðum.

## Snjóflóðahætta:

Skólabílar fara ekki um vegi þar sem búið er að lýsa yfir ákveðinni snjóflóðahættu. Þeim leiðum er alltaf aflýst við slíkar aðstæður.